

Mál nr. 33/2009
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar B

Mistök við sögun fyrir glugga árið 2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 22.1.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 16.2.2009.

Málsatvik.

B var fenginn til að saga gat fyrir glugga á nýbyggingu á steinsteyptri útveggjaeiningu og reyndist gatið of stórt vegna mistaka. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir m.a. á að tjónið sé ekki bótaskyldt sbr.staflið C í 1.mgr. 3.gr. vátryggingaskilmálans þar sem segir að vátryggingin taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda sem vátryggður tekur að sér að gera við hreinsa setja upp eða vinna með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.

Álit.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V sbr. staflið C í 1. mgr. 3. gr. vátryggingaskilmála

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 2.3. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.